

Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 12/1995  
(Ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 8/1995)

**Póst- og símamálastofnun gegn samkeppnisráði**

**I.**

Með bréfi er barst áfrýjunarnefnd samkeppnismála hinn 16. mars 1995, hefur Andri Árnason hrl., f.h. Póst- og símamálastofnunar, kært [ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 8/1995](#) frá 16. febrúar 1995. Krefst áfrýjandi þess aðallega að nefndin felli úr gildi ákvörðun samkeppnisráðs. Til vara krefst áfrýjandi þess að gildistöku ákvörðunarinnar og framkvæmd hennar verði frestað, þar til ákvæði póslaga nr. 33/1986 hafa verið endurskoðuð, m.a. með tilliti til samkeppnissjónarmiða.

Ákvörðun samkeppnisráðs felst í því að ráðið með vísan til 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, mælir fyrir um fjárhagslegan aðskilnað Póst- og símamálastofnunar, annars vegar á þeirri pósthjónustu sem háð er einkarétti samkvæmt póslögum nr. 33/1986 og hins vegar á annarri pósthjónustu sem stofnunin innir af hendi. Skal þess gætt að pósthjónusta sem háð er einkarétti greiði ekki niður kostnað við aðra pósthjónustu. Fjárhagslegur aðskilnaður skal fara fram eigi síðar en 1. janúar 1996.

Samkeppnisráð krefst þess að niðurstaða ráðsins verði staðfest.

Málið var tekið fyrir á fundi áfrýjunarnefndarinnar hinn 2. maí 1995, þar sem málsaðilum var gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín. Að því loknu var málið tekið til úrskurðar.

**II.**

Aðdraganda málsins og athugunum samkeppnisyfirvalda í tilefni þess er ítarlega lýst í forsendum samkeppnisráðs fyrir ákvörðun sinni.

Áfrýjandi byggir kæru sína á því að ákvæði 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga geri ekki ráð fyrir skilyrðislausri skyldu til fjárhagslegs aðskilnaðar, heldur sé

Samkeppnisráði einungis heimilt að mæla fyrir um aðskilnað. Líta verði svo á að ráðið verði við meðferð heimildar sinnar samkvæmt nefndri lagagrein að taka tillit til aðstæðna í hverju tilfalli og gæta réttmætra og lögmætra sjónarmiða við ákvörðun sína. Að mati kæranda hafi þess ekki verið gætt í hinni kærðu ákvörðun. Með vísan til framangreinds sé á því byggt af hálfu áfrýjanda að ráðið skuli ekki mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, (i) ef slíkt telst vera þjóðhagslega óhagkvæmt með tilliti til þeirra hagsmuna sem verið sé að vernda, (ii) þegar aðskilnaður er ómögulegur eða illfrankvæmanlegur og (iii) þegar önnur lagaákvæði eða viðurkenndir alþjóðasamningar takmarki möguleika til fjárhagslegrar aðgreiningar.

Samkeppnisráð vísar til þess að sú ákvörðun að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað Póst- og símamálastofnunar, annars vegar á þeirri þjónustu sem háð er einkarétti samkvæmt póstlögum nr. 33/1986 og hins vegar annarri pósthjónustu sem stofnunin innir af hendi, byggi á lögmætum sjónarmiðum og traustri lagaheimild. Hvað varðar varakröfu áfrýjanda bendir samkeppnisráð á að ákvarðanir stjórnvalda eigi og verði að byggja á gildandi lögum og viðurkenndum lögskýringarviðhorfum. Af þessum sökum sé ekki unnt að byggja ákvörðun á grundvelli hugsanlegra breytinga á lögum. Samkeppnisráð telur að af þeirri ástæðu beri að hafna varakröfu áfrýjanda.

### III.

Með vísan til forsendna hinnar áfrýjuðu ákvörðunar er hún staðfest, þó með þeirri breytingu að hún skuli koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1997.

### Úrskurðarorð:

**„Ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 8/1995, frá 16. febrúar 1995, er staðfest með þeirri breytingu að hún komi til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1997.“**

Reykjavík, 5. maí 1995

Páll Sigurðsson

Jónatan Sveinsson

Inga Jóna Þórðardóttir